



## Hvíti kjóllinn

hárið – höfuð – haust  
heilsa – hjálpa – hlýr  
búð – börnin – beiskur  
bráðum – breiða – blóm  
hvítur kjóll – hvít kisa  
hvítt lamb – fjöllin – fjaðrir

Einu sinni var lítil rjúpa.

Hún átti góða mömmu.

Rjúpa litla sagði:

Bráðum heilsar haust og vetur.

Hjálpaðu mér ef þú getur.

Ég þarf að fá í hvítan kjól.

Það koma bráðum jól.

Þá sagði mamma:

– Langt er til jóla.

Ekkert liggur á.

– Jú, mér liggur lífið á,  
sagði rjúpa litla.

- Hvað langaði rjúpu litlu að fá?
- Hvað merkir að liggja lífið á?

Rjúpan fór að finna lambið.


Rjúpa litla sagði:

Bráðum heilsar haust og vetur.

Hjálpaðu mér ef þú getur.

Ég þarf að fá í hvítan kjól.

Það koma bráðum jól.



Teiknaðu lambið.

Þá sagði litla lambið:

– Langt er til jóla.

Ekkert liggur á.

– Jú, mér liggur lífið á,

sagði litla rjúpan.


Þá sagði lambið:

– Ég má ekki missa ullina.

Bráðum heilsar haust og vetur.

Þá er gott að eiga hlýja ull.

► **Hvað vildi rjúpa litla fá hjá lambinu?**



Teiknaðu svaninn.

Rjúpa litla fór að finna svaninn.

Rjúpa litla sagði:

Bráðum heilsar haust og vetur.

Hjálpaðu mér ef þú getur.

Ég þarf að fá í hvítan kjól.

Það koma bráðum jól.

Þá sagði svanurinn:

– Langt er til jóla.

Ekkert liggur á.

– Jú, mér liggur lífið á,

sagði rjúpa litla.

Þá sagði svanurinn:

– Bráðum heilsar haust og vetur.

Þá er gott að hafa hlýjar fjaðrir.


Ég má ekki missa fjaðrinar.

► **Hvað heitir svanur öðru nafni?**

Rjúpa litla fór að finna kisu.  
Það var hvít og falleg kisa.

Rjúpa litla sagði:

Bráðum heilsar haust og vetur.  
Hjálpaðu mér ef þú getur.  
Ég þarf að fá í hvítan kjól.  
Það koma bráðum jól.



Teiknaðu kisuna.

Þá sagði hvíta kisa:

– Langt er til jóla.

Ekkert liggur á.

– Jú, mér liggur lífið á.

sagði rjúpa litla.


Þá sagði hvíta kisa:

– Bráðum heilsar haust og vetur.

Þá er gott að eiga hlýtt hár.

Ég má ekki missa hárið.

► **Hvað kannt þú mörg orð yfir kisu?**



Teiknaðu búðina.

Rjúpan fór í fína búð.

Rjúpa litla sagði:

Bráðum heilsar haust og vetur.  
Hjálpaðu mér ef þú getur.  
Ég þarf að fá í hvítan kjól.  
Það koma bráðum jól.

Þá sagði stúlkan í búðinni:

– Langt er til jóla.

Ekkert liggur á.

– Jú, mér liggur lífið á,  
sagði rjúpa litla.

Þá sagði stúlkan:

– Hefur þú miða, rjúpa litla?

– Nei, ég hef engan miða.


– Þá færð þú ekki efni í kjól.

► **Af hverju vildi stúlkan ekki láta rjúpu litlu fá efni í kjól?**

Rjúpa litla fór á fjöll  
að finna hvíta mjöll.

Rjúpa litla sagði:

Bráðum heilsar haust og vetur.  
Hjálpaðu mér ef þú getur.  
Ég þarf að fá í hvítan kjól.  
Það koma bráðum jól.



Teiknaðu fjöllin.


Þá sagði mjöllin:

– Langt er til jóla.  
Ekkert liggur á.  
– Jú, mér liggur lífið á,  
sagði rjúpa litla.

Þá sagði mjöllin:

– Ég má ekki missa snjóinn.  
Bráðum sofna blómin öll.  
Ég breiði á þau mjöll.  
Rjúpa litla fór að gráta.  
Hún hljóp heim til sín.


► **Hvað er mjöll?**



Teiknaðu mömmu rjúpu litlu.

– Af hverju grætur þú?  
sagði mamma hennar.  
– Ég fæ ekki í hvíta kjólinn,  
sagði rjúpa litla.  
Þess vegna græt ég.  
Lambið vill ekki gefa mér ull.  
Svanurinn vill ekki gefa mér fjaðrir.  
Kisa vill ekki gefa mér hár.  
Stúlkan vill ekki gefa mér efni  
í hvíta kjólinn minn.  
Og mjöllin vill ekki gefa mér snjó.

– Hættu að gráta, sagði mamma.  
 Farðu að sofa, rjúpa litla.  
 Langt er til jóla.  
 Ekkert liggur á.  
 Bráðum færð þú hvítan kjól.



Teiknaðu rjúpu litlu  
 í hvítum kjól.

Rjúpa litla fór að sofa.  
 Þegar rjúpa litla vaknaði  
 þá var hún á hvítum kjól.  
 Hann var hvítari en ull,  
 hvítari en hárin á hvítu kisu,  
 hvítari en allt hvítt í búðinni.  
 Hann var hvítur eins og mjöll.  
 Hann var mjallhvítur.

Nú var rjúpa litla kát.  
 Nú átti hún hvítan jólakjól.

Og mamma kvað:

Marga rekur búð úr búð  
 beiskja, sorg og mæða.  
 Hann sem blómin bjó í skrúð,  
 börnin öll mun klæða.

► Af hnerju vildi rjúpa litla  
 hvítan kjól?



### Krossgáta

Lárétt:

1. móðir
2. skraut
3. stelpa
4. væla

Lóðrétt:

5. snjór
6. glöð
7. álftr

